

Búðardal 18. júlí 2021

Sveitarstjórn Dalabyggðar

Ég vil vekja athygli sveitarstjórnar á slæmu ástandi malarvegsins sem liggur frá Vestfjarðavegi/Vesturbraut og upp að hesthúsahverfinu í Búðardal og sömuleiðis vegspottanum af þeim vegi að Fjósaskemmunni þar sem rekin er hestaleiga eins og ykkur er kunnugt. Þessir vegir eru afar slæmir núna og hafa verið í nokkurn tíma. Bæði eru í þeim margar og djúpar holur og sömuleiðis er stórgryti víða að koma upp úr þeim.

Fyrir hönd hestamanna í Búðardal óska ég hér með eftir að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til að bæta þessa stuttu malarvegi.

Virðingarfyllst,



Þórður Ingólfsson
stjórnarliði í Hestaeigendafélagi Búðardals